



Starfsáætlun bæjarráðs Málaflokkur 21

Starfsáætlun ársins 2016

Rauntölur frá 2014 og 2015, en áætlun 2016



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

21010 – Bæjarstjórn

- **Inngangur:**
- Bæjarstjórn sem kjörin var við síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2014, er nú að hefja sitt annað starfsár á kjörtímabilinu.. Hana skipa nú 9 fulltrúar. 2 fulltrúar Á-lista, 3 fulltrúar B-lista, 2 fulltrúar L-lista og 2 fulltrúi D-lista. Meirihlutann skipa fulltrúar Á- lista, D-lista og L-lista.
- **Markmið:**
- Bæjarstjórn skal funda með reglubundnum hætti 1. og 3. miðvikudag hvers mánaðar og skulu fundir hennar vera opnir, nema annað sé auglýst. Sýnt er beint frá fundum bæjarstjórnar í gegn um internetið. Upptökur funda skulu birtar á netinu í gegn um heimasíðu Fljótshéraðs og fundargerðir vera þar aðgengilegar. Undirrituð frumrit fundargerða skulu í lok hvers árs bundin inn og komið í vörslu á Héraðsskjalasafn Austurlands.
- Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.



21010 – Bæjarstjórn

- Bæjarstjórn skal gera sveitarfélagið sterkara, öflugra og áhugavert til búsetu og í stakk búið til að geta veitt íbúunum fjölbreytta og góða þjónustu, en þó með hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.
- Bæjarstjórn skal starfa samkvæmt stefnu sem hún hefur markað og er í reglulegri endurskoðun.
- Meirihluti bæjarstjórnar skal starfa samkvæmt meirihlutasamþykkt .

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			0
Launakostnaður.....			12.813.000
Annar rekstrarkostnaður.....			3.994.000
	16.659.596	15.621.102	16.807.000



21020 – Bæjarráð

- **Áætlun ársins 2016:**
- Að fylgja eftir stefnu bæjarstjórnar og framkvæmdaáætlunum.
- Auka á samkennd og samheldni íbúa sveitarfélagsins með öflugri og málefnalegri vinnu og samstöðu út á við. Auka þátttöku íbúanna í stjórnun og stefnumörkun sveitarfélagsins, með því að standa fyrir reglulegum íbúafundum.
- Að auka tengsl við íbúa og starfsmenn með reglulegum fundum með starfsmönnum og íbúum í viðkomandi stofnunum og hverfum. Einnig að vinna að því að auka íbúalýðræði t.d. með rafræna samskiptamiðlinum Betra Fljótshérað, sem tekinn var upp á síðasta ári og bjóða upp á viðtalstíma við bæjarfulltrúa.



21020 – Bæjarráð

- **Áætlun ársins 2016:**
- Vinna að úrlausn fjarskiptamála í sveitarfélaginu.
- Hafa stöðugt eftirlit með fjármálastjórn og með vikulegum upplýsingafundum með fjármálastjóra og leita leiða til hagræðingar í rekstri í samráði við bæjarstjóra, fjármálastjóra og aðra stjórnendur sveitarfélagsins.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			0
Launakostnaður.....			7.513.000
Annar rekstrarkostnaður.....			339.000
	4.961.298	5.245.430	7.852.000



21030 - Jafnréttisnefnd

- **Áætlun ársins 2016:**
- Að fylgja eftir Jafnréttisstefnu sveitarfélagsins, með könnunum á högum og kjörum, virkni kvenna og karla í samfélaginu eftir því sem tilefni eru til. Í því starfi verði hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar höfð til hliðsjónar þar sem það á við.
- Gera ýmsar kannanir sem ráð er fyrir gert í jafnréttisstefnu Fljótshéraðs. Stuðla að fræðslufundum fyrir yfirmenn og starfsmenn viðkomandi stofnana sveitarfélagsins.
- Skoða aðgerðaáætlun í jafnréttisáætlunum grunn- og leikskóla og stuðla að jafnréttisumræðu meðal grunnskólabarna með aðstoð Jafnréttisstofu.
- Fylgjast með að jafnræðis sé gætt í starfsauglýsingum frá sveitarfélaginu

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			156.000
Annar rekstrarkostnaður.....			212.000
	0	224.826	368.000



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

21040 - Aðrir starfshópar

- Hér er færður kostnaður við þátttöku í starfshópum með öðrum aðilum.
- Sá kostnaður sem hér er áætlaður er vegna þátttöku í verkefni Fljótshéraðs með Fjarðabyggð um aðstöðu fyrir aðila sem hyggja á olíuleit á Drekasvæðinu.
- **Áætlun ársins 2016:**

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			0
Annar rekstrarkostnaður.....			300.000
	0	1.929.970	300.000



21050 - Ungmennaráð

- **Markmið:**
- Að koma tillögum og skoðunum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Einn þáttur í því eru fundir ungmennaráðsins með bæjarstjórn, en stefnt er að því að halda einn til tvo sameiginlega fundi á ári, þar sem fulltrúar geta farið yfir ýmis mál og ungmennaráð kynnt bæjarfulltrúum áherslur sínar.
- Að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum og auka tengsl þess við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Að efla tengsl ungs fólks í sveitarfélaginu og bæjaryfirvalda.
- **Áætlun ársins 2016:**

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			0
Annar rekstrarkostnaður.....			500.000
	125.591	63.574	500.000



21070 - Endurskoðun

- **Áætlun ársins 2016:**
- Endurskoðun og gerð ársreiknings fyrir árið 2015 fyrir samstæðureikning Fljótshéraðs. Samstæðureikningur verður lagður fram í bæjarráði í mars 2016 og síðari umræða bæjarstjórnar mun fara fram í apríl 2016. Öll B-hluta fyrirtæki skulu hafa skilað inn endanlegum ársreikningi innan þess tíma sem KPMG endurskoðun mun gefa út og senda viðkomandi fyrirtækjum og stofnunum.
-
- Stefnt verði að lágmörkun vinnu endurskoðenda við ársuppgjör, svo sem lög leyfa, með vandaðri undirbúningsvinnu starfsmanna við uppgjör og bókhald.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			0
Launakostnaður.....			0
Annar rekstrarkostnaður.....			6.272.000
	5.454.164	6.373.860	6.272.000



21080 - Önnur sérfræðipjónusta

- **Markmið:**
- Að starfsemi og gjörðir sveitarfélagsins séu ávalt byggð á lagalegum grunni og réttssýni sé höfð að leiðarljósi. Því verði á hverju ári tryggt fjármagn á áætlun, til að geta keypt slíka þjónustu, gerist þess þörf.
- **Áætlun ársins 2016:**
- Aðstoð við gerð samþykktu, samningagerð og til að leita leiða til aukinna tekna. Einnig að fá lögfræðilega aðstoð þegar grípa þarf til varna fh. sveitarfélagsins.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			0
Launakostnaður.....			0
Annar rekstrarkostnaður.....			2.000.000
	1.834.983	2.430.376	2.000.000



21090 - Aðrir sameiginlegir liðir

- **Áætlun ársins 2016:**
- Samkvæmt lögum ber sveitarfélögum að ákvarða þóknun til framboða sem fulltrúa eiga í sveitarstjórn. Var tekið upp 2009. Á kosningaári er helmingur framlagsins ársins gerður upp skv. sömu forsendum sem gilt hafa frá síðustu kosningum, en síðari helmingurinn miðaður við atkvæðamagn þeirra lista sem kjörnir verða í sveitarstjórnarkosningum á kosningaári.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			0
Launakostnaður.....			0
Annar rekstrarkostnaður.....			697.000
	660.000	677.001	697.000



21150 - Alpingis- og forsetakosningar

- Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins til kosninga á þess vegum, standi undir þeim kostnaði sem fellur á Fljótshálsbæ, vegna umsjár sveitarfélagsins. Á þessu ári eru forsetakosningar og því er bæði áætlaður kostnaður við þær og einnig tekjur frá ríkinu.
- **Áætlun ársins 2016:**

	2014	2015	2016
Tekjur.....			-1.450.000
Launakostnaður.....			964.000
Annar rekstrarkostnaður.....			450.000
	0	0	-36.000



21210 - Byggðamerki

- **Áætlun ársins 2016:**
- Fjölga og endurnýja fána með merki sveitarfélagsins og nota þá við stofnanir þess og ýmsa viðburði. Einnig að viðhalda merkingum vegna bæjarskrifstofunnar og við skrifstofur starfsmanna og ljúka við það verkefni. Á þessu ári eru 300.000 kr. áætlaðar á þennan lið

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	Rauntölur 2014	Rauntölur 2015	Áætlun 2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			300.000
	231.048	300.000	300.000



21230 - Þróun stjórnsýslu

- **Áætlun ársins 2016:**
- Í áætlun ársins er gert ráð fyrir 1 milljónum króna m.a. vegna endurnýjunar heimasíðu sveitarfélagsins, auk smærri verkefna. Stefnt var að því að uppfæra bókhaldskerfi sveitarfélagsins á árinu upp í þá uppfærslu sem flest stærri sveitarfélög eru að nota í dag, en við lokafrágang fjárhagsáætlunar var fjármagn til þess verkefnis skorið niður.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			0
Launakostnaður.....			0
Annar rekstrarkostnaður.....			1.000.000
	3.739.334	3.159.227	1.000.000



21400 - Skrifstofa bæjarins

- **Áætlun ársins 2016:**
- Stefnt verði að því að fram komi á rafrænum eða útprentuðum greiðsluseðlum niðurgreiðsla sveitarfélagsins fyrir þjónustu þess, svo sem varðandi leikskólagjöld, fæði í grunnskólum, þjónustu aldraðra og fl. þannig að íbúar geri sér betur grein fyrir heildarkostnaði.
- Ljúka skráningu upplýsinga í H-launakerfið og áætlunarteninginn sem því fylgir, svo það geti haldið betur utan um ýmsar starfsmannatengdar upplýsingar og hægt sé að skrifa út þær upplýsingar sem krafist er af opinberum aðilum. Taka í notkun vaktaskráningakerfi fyrir starfsmenn félagsþjónustunnar.
- Reyna að færa verkefni á milli starfsfólks stjórnarsýslunnar eftir því sem henta þykir og nýta þannig reynslu þess og þekkingu.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	Rauntölur	Rauntölur	Áætlun
	2014	2015	2016
Tekjur.....	-2.920.974	-2.372.769	-1.888.000
Launakostnaður.....	78.972.471	83.517.604	84.262.000
Annar rekstrarkostnaður.....	53.573.100	51.286.903	51.112.000
	129.624.597	132.431.738	133.486.000

21410 - Rafræn stjórnsýsla (heimasíða)

- **Áætlun ársins 2016:**
- Heimasiða Fljótshálfshéraðs verði opnuð á útmánuðum og áfram verði unnið að því að þróa upplýsingavef sveitarfélagsins. (sjá lið 21230) Þróa áfram notkun á lýðræðisvefnum Betra Fljótshálfshérað og nýttu hann til frekari samskipta við íbúana. Setja inn kröfu lágmarks stuðning við hugmyndir, til þess að þær fari í umfjöllun hjá nefndum og starfsmönnum.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			605.000
	202.417	426.042	605.000



21420 - Skjalavistun

- **Áætlun ársins 2016:**
- Haldið verði áfram að viðhalda og betrubæta núverandi mála- og skjalavistunarkerfi og verkferla í stjórnarsýslunni. Fjárframlag á áætlun stendur þó einungis undir leyfiskostnaði kerfisins og minniháttar aðstoð frá kerfisleigjendum.
- Gera áætlun um yfirfærslu ganga úr Erindreka (eldra skjalakerfi) og yfir í núverandi skjalakerfi (One Systems) Þetta er hægt að gera rafrænt, en kostar töluverða aðkeypta vinnu frá One-Systems.
- Þá væru öll gögn Fljótsdalshéraðs frá stofnun þess komin yfir í núverandi skjalakerfi.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			1.885.000
	1.584.448	1.040.940	1.885.000



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

21430 - Íbúagátt

- **Áætlun ársins 2016:**
- Haldið verði áfram að viðhalda og betrubæta þá íbúagátt sem tekin var í notkun á árunum 2010 og 2011 og auka þá möguleika sem íbúar hafa á samskiptum og upplýsingaöflun varðandi sveitarfélagið. Fjölga tegundum reikninga sem birtast í gáttinni, svo sem reikninga fyrir gatnagerð, gæludýrahald og fl. Skoða uppfærslu á íbúagátt til að gera hana aðgengilegri í snjalltækjum og einnig að setja upp einfaldari eyðublaðagerðir sem tengja umsóknir beint við mál.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			1.269.000
	882.596	2.002.418	1.269.000



21440 - Umsjón tölvumála

- **Áætlun ársins 2016:**
- Í tengslum við eflingu Nýherja á hýsingarsal á Egilsstöðum gefst nú kostur á að hýsa öll kerfi sveitarfélagsins þar. Á árinu verður farið í að flytja þau kerfi sem enn eru hýst í Reykjavík austur.
- Sýndarvélur í tölvustofum skólanna haf reynst mis heppilegar og er búið að skipta þeim út t.d. á Brúarási og í Egilsstaðaskóla. Unnið verði áfram að því að þróa tölvuumhverfið og einfalda umsýslu þess með hugbúnaði sem til þess er ætlaður. Lokið verði við að útfæra útdelingu kostnaðar við tölvumálin á aðrar deildir af þessum lið, en gert er ráð fyrir að allur sameiginlegur kostnaður verði færður hér og síðan tekjufærsla á móti þannig að deild 21440 núllist út að mestu. Á árinu verði hugað að möguleikum í símkerfismálum, þar sem núverandi símkerfi eru orðin gömul.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	Rauntölur 2013	Rauntölur 2014	Áætlun 2015
Tekjur.....			-31.150.000
Launakostnaður.....			10.657.000
Annar rekstrarkostnaður.....			20.624.000
	334.596	1.934.476	131.000

21500 - Móttaka gesta og önnur risna

- **Áætlun ársins 2016:**
- Eiga fyrir kostnaði við risnu og móttöku gesta til sveitarfélagsins, sem ekki teljast til skipulagðra heimsókna. Áætlað framlag ársins 2016 er þó nokkuð skert frá því sem áður var, en beiðnum um stuðning við ráðstefnur sem haldnar eru í sveitarfélaginu hefur líka fækkað, sem og ráðstefnuhaldi á vegum sveitarfélagsins.
- Framlag til ráðstefna á vegum Fljótsdalshéraðs.
- Móttökur faghópa starfsmanna.
- Ráðstefnur utanaðkomandi aðila haldnar á Fljótsdalshérað, sem sækja styrki til sveitarfélagsins.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			972.000
	822.313	536.305	972.000



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

21510 - Vinabæjarsamskipti

- **Áætlun ársins 2016:**
- Ekki er gert ráð fyrir að fulltrúar Fljótsdalshéraðs sækji vinabæjamót á árinu, en næsta hefðbundna vinabæjamót verður á Fljótsdalshéraði 2017. Hins vegar er gert ráð fyrir að auka frekar samskipti við Runavík í Færeyjum td. í kring um Ormsteiti og Faro Expó sýninguna á þessu ári. Árlega sendum við Runavík íslenskt jólatré og einnig hafa verið gagnkvæmar heimsóknir einstaklinga og hópa. Vel væri við hæfi þetta ár að fá heimsókn Runavíkurbúa hingað á Ormsteiti með þátttöku þeirra í einstökum viðburðum í huga.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			700.000
	673.093	946.443	700.000



21420 - Markaðs og kynningarmál

- Hér er áætlað fyrir framlagi til þáttagerðar hjá sjónvarpsstöðinni N-4, í samstarfi við Austurfrétt, vegna þáttanna: Að austan.
- **Áætlun ársins 2016:**

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			700.000
	0	0	700.000



21590 – Ýmis ótilgreindur kostnaður og framlög

- **Inngangur:**
- Hér er færður ýmis kostnaður sem ekki á neitt fast „lögheimili“ á öðrum deildum. Fastur liður er þó kostnaður við jólakveðjur Fljótshéraðs í svæðisblöð og landshlutablöð stjórnmalasamtaka.
- **Áætlun ársins 2016:**
- Nú 220.000 kr. í jólakort og jóla- og áramótakveðjur í austfirskum fjölmiðlum, en ekkert áætlað í önnur óviss útgjöld.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			220.000
	143.446	211.744	220.000



21600 – Starfsmannakostnaður

- **Áætlun ársins 2016:**
- Þátttaka í launanefnd sveitarfélaga, greiðsla á hlutdeild í kostnaði við launanefnd. Ekki er gert ráð fyrir öðrum kostnaði þetta árið.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			1.050.000
	811.420	735.867	1.050.000



21620 - Símenntun starfsmanna

- **Inngangur:**
- Hér eru færð framlög sveitarfélagsins til sí- og endurmenntunar starfsmanna, önnur en þau sem hver deild áætla í námskeið. Þetta er samkvæmt samþykktum um sí- og endurmenntun sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að 0,7% af launum og launatengdum gjöldum hvers árs sé varið til sí- og endurmenntunar. 15% þeirrar upphæðar á að fara í endurmenntunarsjóð, 12% í ráðstöfunarpott á vegum bæjarráðs, en 73% færast sem námskeiðskostnaður á deildir.
- **Áætlun ársins 2016:**
- Áherslur bæjarstjórnar til endurmenntunar starfsmanna og kjörinna fulltrúa verður tekinn á árinu.
- Endurmenntunarsjóður fyrir starfsmenn verði auglýstur skv. reglum. Framlög í hann hafa verið stórlega skert á undan-gengnum árum en eru nú aðeins aukin. Framlag ársins er 750.000 kr.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			1.050.000
	418.000	533.300	1.050.000



21650 - Árshátíð starfsmanna

- **Markmið:**
- Efla samstöðu og félagsanda starfsmanna með því að halda árshátíð helst annað hvert ár.
- **Áætlun ársins 2016:**
- Árshátíð var haldin árið 2013 og mæltist vel fyrir, enda þá ekki verið haldin síðan 2008.
- Æskilegt væri að stefna á slíka hátíð annað hvert ár, en hitt árið væru það meira vinnustaðirnir sem gerðu sér einhvern dagamun. Framlag til árshátíðar var strikað út við lokafrágang fjárhagsáætlunar 2016.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	Rauntölur 2014	Rauntölur 2015	Áætlun 2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			
	0	0	0



21710 - Framlag til SSA

- **Inngangur:**
- Hér hafa verið færð framlög til SSA (Sambands sveitarfélaga á Austurlandi)
- **Áætlun ársins 2016:**
- Vinna áfram í framtíðarstefnumótun SSA og þróun stoðkerfisins.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			3.490.000
	3.309.403	3.387.506	3.490.000



21750 – Vatnajökulspjóðgarður (svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs)

- **Inngangur:**
- Hér hefur verið færður kostnaður við fulltrúa Fljótshéraðs í svæðisráðinu. Reiknað með að haldnir séu 4 – 6 fundir á ári.
- **Áætlun ársins 2016:**
- Færa stjórn Vatnajökulspjóðgarðs á heimasvæði hans, sem og þau störf sem því fylgja.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			214.000
Annar rekstrarkostnaður.....			0
	194.134	0	214.000



21860 - Niðurfærsla krafna og afskriftir

- **Áætlun ársins 2016:**
- Slá raunhæfu mati á útistandandi kröfur, en afskrifa sem minnst. Ef ekki verða nein sérstök áföll í atvinnurekstri eða öðru, ætti ekki að verða mikil breyting afskrifta milli ára. Því er áætlað framlag nær óbreytt. Þessar 2.404.000 krónur, segja þó lítið, ef einhver skakkaföll koma upp á.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			2.404.000
	1.302.163	-422.530	2.404.000



21880 - Þátttaka í stjórnunarkostnaði

- **Inngangur:**
- Hér er færð hlutdeild annarra stofnanna bæjarins í stjórnunarkostnaði. (B - hluta stofnanir)
- **Áætlun ársins 2016:**
- Ákveða hlutdeild stofnanna við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og færa hana eftir því á viðkomandi stofnanir.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			-16.841.000
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			
	-11.929.020	-16.849.992	-16.841.000



21890 – Ýmsir styrkir

- **Inngangur:**
- Hér eru færðir smástyrkir til góðgerða- og líknarfélaga. Lengi vel voru þeir færðir á málaflokk 02, en skrifstofustjóri hefur um langt skeið haldið utan um þessar styrkveitingar og svarað öllum fyrirspurnum. Þessir smástyrkir eru nú kostnaðarfærðir á þennan bókhaldslykil.
- **Áætlun ársins 2016:**
- Reyna sem fyrr að deila lítilli upphæð á milli sem flestra góðgerðastofnanna.

Fjárhagsliðir og lykiltölur úr starfseminni

	2014	2015	2016
Tekjur.....			
Launakostnaður.....			
Annar rekstrarkostnaður.....			140.000
	96.450	75.620	140.000



Málaflokkur 21, samanburður á rekstri fjölmennustu sveitarfélaganna árið 2014

Krónur á íbúa, raðað eftir íbúafjölda

Sameiginlegur kostnaður	Íbúafjöldi	Tekjur	Laun og lt.g.	Annar kostn.	Alls gjöld	Niðurstaða
• Reykjavíkurborg	121.822	11.782	20.977	23.033	44.010	-32.228
• Kópavogsbær	33.205	13.144	25.407	19.142	44.549	-31.404
• Hafnarfjarðarkaupstaður	27.875	1.970	13.682	14.325	28.007	-26.037
• Akureyrarkaupstaður	18.191	13.859	25.606	22.201	47.806	-33.947
• Reykjanesbær	14.924	6.688	19.970	25.422	45.393	-38.704
• Garðabær	14.453	11.079	23.305	22.064	45.370	-34.291
• Mosfellsbær	9.300	6.913	26.840	18.241	45.080	-38.167
• Sveitarfélagið Árborg	8.052	15.952	19.052	22.778	41.830	-25.879
• Akraneskaupstaður	6.767	4.720	25.080	21.462	46.541	-41.821
• Fjarðabyggð	4.747	21.795	33.043	25.848	58.891	-37.096
• Seltjarnarneskaupstaður	4.411	22.925	27.695	30.361	58.055	-35.130
• Vestmannaeyjabær	4.272	5.954	27.640	17.248	44.888	-38.934
• Sveitarfélagið Skagafjörður	3.910	4.898	32.878	31.280	64.159	-59.260
• Ísafjarðarbær	3.629	18.688	43.190	38.976	82.167	-63.478
• Borgarbyggð	3.539	-90	28.792	25.783	54.575	-54.665
• Fljótshálsa	3.454	12.415	30.386	28.520	58.906	-46.492
• Grindavíkurbær	2.995	355	51.124	22.350	73.474	-73.119
• Norðurþing	2.806	5.556	65.520	44.253	109.773	-104.217



Starfsáætlun vegna málaflokks 21, 2016

- Þá er þessari samantekt úr starfsáætlun bæjarráðs lokið.
- Takk fyrir

